

MANNTAL Á ÍSLANDI  
1801

SUÐURAMT

*Ættfræðifélagið gaf út  
með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði  
og aðstoð Þjóðskjalasafns Íslands*

REYKJAVÍK  
PRENTSMIÐJAN HÓLAR HF.  
1978

## EFNISYFIRLIT

Formáli .....	VII
Um útgáfuna .....	VIII
Skjöl um manntalið 1801 .....	X
Töflur um manntalið 1801 .....	XIV
Mynd úr frumriti .....	XVI
Skafafellssýsla .....	I- 68
Stafafellssókn 1 - Bjarnanessókn 5 - Hoffellssókn 10 - Einholtssókn 12 - Kálfafellssókn í Suður- sveit 17 - Sandfellssókn 22 - Hofssókn 24 - Kálfafellssókn í Fljótshverfi 26 - Kirkjubæjarklaust- urssókn 29 - Ásasókn 38 - Búlandssókn 40 - Meðallandssókn 42 - Pykkvabæjarklausturssókn 49 - Reynissókn 51 - Höfðabrekkusókn 58 - Dyrhólasókn 60 - Sólheimasókn 65	
Rangárvallasýsla .....	69-182
Eyvindahólasókn 69 - Steinasókn 75 - Skógasókn 79 - Holtssókn 81 - Stóradalssókn 90 - Teigs- sókn 96 - Hlíðarendasókn 100 - Eyvindarmúlasókn 102 - Breiðabólstaðarsókn 105 - Krosssókn 115 - Voðmúlastaðasókn 123 - Skúmsstaðasókn 129 - Stórolfshvolssókn 134 - Oddasókn 138 - Keldnasókn 147 - Gunnarsholtssókn 151 - Stóruvallasókn 153 - Klofasókn 158 - Skarðssókn 160 - Marteinstungusókn 163 - Hagasókn 167 - Árbæjarsókn 169 - Kálfholtssókn 172 - Ássókn 176 - Háfssókn 178	
Vestmannaeyjar .....	183-187
Ofanleitissókn 183 - Kirkjubæjarsókn 185	
Árnessýsla .....	188-319
Villingaholtssókn 188 - Hróarsholtssókn 194 - Gaulverjabæjarsókn 196 - Stokkseyrarsókn 208 - Kaldaðarnessókn 221 - Hraungerðissókn 225 - Laugardælasókn 229 - Hjálmholtssókn 236 - Ólafs- vallasókn 238 - Hrepphólasókn 245 - Stóranúpsókn 251 - Hrunasókn 256 - Tungufellssókn 261 - Reykjadalssókn 262 - Torfastaðasókn 265 - Haukadalssókn 269 - Bræðratungusókn 272 - Skál- holtssókn 274 - Miðdalssókn 278 - Úthlíðarsókn 282 - Mosfellssókn 284 - Klausturhólasókn 288 - Búrfellssókn 292 - Þingvallasókn 295 - Úlfjótsvatnssókn 298 - Arnarbælissókn 301 - Reykjasókn 307 - Hjallasókn 311 - Strandarsókn 316	
Gullbringusýsla .....	320-392
Krisuvíkursókn 320 - Grindavíkursókn 321 - Hvalsnessókn 326 - Kirkjuvogssókn 331 - Njarðvík- ursókn 333 - Útskálasókn 337 - Kálfatjarnarsókn 346 - Garðasókn 354 - Bessastaðasókn 368 - Reykjavíkursókn 377 - Viðeyjarsókn 391	
Reykjavíkurkaupstaður .....	393-402
Kjósarsýsla .....	403-433
Mosfellssókn 403 - Gufunessókn 409 - Saurbæjarsókn á Kjalarnesi 415 - Brautarholtssókn 420 - Reynivallasókn 425 - Meðalfellssókn 432	
Borgarfjarðarsýsla .....	434-487
Saurbæjarsókn á Hvalfjarðarströnd 434 - Garðasókn 439 - Innrihólmssókn 451 - Melasókn 454 - Leirársókn 458 - Hvanneyrarsókn 463 - Bæjarsókn 469 - Lundarsókn 472 - Fitjasókn 476 - Reyk- holtssókn 478 - Húsafellssókn 485 - Stóraássókn 486	
Orðasafn .....	489-492

## FORMÁLI

Manntalið 1703 er elsta manntal hér á landi, eins og kunnugt er, og raunar elsta manntal sem nær til heillar þjóðar. Hagstofa Íslands gaf það manntal út á árunum 1924–47. Næsta allsherjar manntal sem varðveist hefur, er manntalið sem miðað er við árið 1801. Það tekur yfir allt landið og hefur varðveist óskaddað, vandað manntal.

Af þessum ástæðum þótti Ættfræðifélaginu eðlilegt að velja manntalið 1801 til útgáfu þegar útgáfu manntalsins frá 1816 var lokið árið 1974. Það manntal nær ekki til alls landsins, því að það var aðeins fært fremst í nýjar prestsþjónustubækur sem þá voru fyrirskipaðar, en þær hafa ýmist eyðilagst með öllu eða skaddast úr allmörgum sóknum. Það manntal hefur þann kost að það greinir frá fæðingarstöðum manna, sem manntalið 1801 gerir ekki. Hins vegar veitir manntalið 1801 ýmsar upplýsingar fram yfir manntalið 1816, til að mynda um „egtastand“ og atvinnu.

Gert er ráð fyrir að manntalið 1801 komi út í þrem sjálfstæðum bindum. Nær 1. bindið, sem hér birtist, yfir Suðurlandi. Í 2. bindi verður Vesturland og Norður- og Austurland í hinu þriðja og er það sama skipting í bindi og er í frumhandritinu í Þjóðskjalasafni.

Horfið var að því ráði að hafa þessa útgáfu stafrétta eftir frumritinu til þess að sem minnstu skipti fyrir notendur hennar hvort þeir hefðu hana fyrir sér eða frumritið sjálft. Gerir útgáfan þá hvort tveggja: að veita almennum lesanda haldgóðan fróðleik um forfeður sína eða annað fólk á þessum tíma og fullnægja jafnframt vísindalegum kröfum fræðimanna.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur lagt til prentsmiðjuhandrit, og hefur það verið útgáfunni ómetanleg hjálp. Fjárveitinganefnd Alþingis hefur tekið styrk til útgáfunnar upp í fjárlög ríkisins, og einnig hefur útgáfan notið styrks úr Þjóðhátíðarsjóði. Er þetta allt mikilla þakka vert, því að fullyrða má að án þess hefði reynst ókleift að koma manntalinu út.

Júníus Kristinsson skjalavörður hefur vélritað handrit til afnota við setningu í prentsmiðjunni og borið það saman við frumritið ásamt Bjarna Vilhjálmsyni þjóðskjalaverði. Júníus annaðist prófarkalestur, en Bjarni las einnig 1. próförk. Bjarni samdi einnig orðskýringarnar í samráði við Júníus. Allt þetta hefur krafist mikillar nákvæmni og þolinmæði, eins og engum mun leynast er bókina skoðar. Hitt skilja þó ef til vill engir nema þeir sem einhvern tíma hafa fengist við svip að verk hve ákaflega vandasamt starf þeirra Júníusar og Bjarna hefur verið.

Þá má nefna þriðja manninn sem sýnt hefur fádæma vandvirkni og alúð við þessa útgáfu. Það er Óskar Jónsson prentari, sem sett hefur alla bókina. Það er ekki einungis hin óvenjulega og margbreytilega stafsetning sem gert hefur setninguna mikið vanda- og nákvæmnisverk, heldur einnig umbrot í dálka og blaðsíður svo að vel færi á. Vill útgáfustjórnin tjá Óskari miklar þakkarir fyrir starf sitt um leið og hún þakkar öðrum starfsmönnum Prentsmiðjunnar Hóla fyrir ágætt starf við að gera bókina sem best og myndarlegast úr garði, þótt engin nöfn séu nefnd.

F. h. stjórnar Ættfræðifélagsins.

ÓLAFUR Þ. KRISTJÁNSSON

## UM ÚTGÁFUNA

Konungleg tilskipun um almennt manntal í Danmörku, Noregi, Íslandi og Færeyjum var gefin út 12. nóv. árið 1800. Var þar boðið, að manntalið skyldi hefjast 1. febr. 1801 í Danmörku og Noregi, en á Íslandi og Færeyjum svo fljótt á næsta ári sem unnt væri. 28. nóv. sama ár var svo gefið út konungsbréf með nákvæmum leiðbeiningum um framkvæmd manntalsins. Bréf þetta hefur vart borist til Íslands fyrr en með vorskipum 1801, og það er fyrst 31. okt. það ár, að Geir biskup Vídalín sendir próföstum sínum íslenska þýðingu konungsbréfsins ásamt þeim prentuðu eyðublöðum, sem manntalið skyldi færast á. (Tilskipunin um manntalið, konungsbréfið um framkvæmd þess og bréf biskups til prófosta eru prentuð sem fylgiskjöl hér á eftir). Allangur tími mun hafa liðið, áður en prófastar þeir, sem fjærst bjuggu, fengu manntalsgögnin í hendur, og áttu þeir þá eftir að koma þeim áfram til presta sinna, sem telja áttu fólkið, hver í sinni sókn. Eftir dagsetningum manntalsblaðanna að dæma mun manntalið hafa verið tekið víðast hvar á landinu um vorið og sumarið 1802, fyrr á nokkrum stöðum í nágrenni Reykjavíkur, en annarsstaðar ekki fyrr en á árinu 1803, – þó skyldi manntalið miðast við 1. febr. 1801, eins og upphaflega var boðið í tilskipun konungs.

Frumhandrit manntals á Íslandi 1801 er nú varðveitt í Þjóðskjalasafni Íslands og var þangað heimt í tvennu lagi frá Danmörku, Vesturamt 1904 og Suður-, Norður- og Austuramt 1928. Manntalið er vel varðveitt, blöðin óvenju hrein og lítt velkt af mannfræðiheimild að vera, frágangur prestanna yfirleitt vandvirknislegur og skriftin hjá sumum listileg að sjá. Manntalið, sem upphaflega hefur verið á lausum blöðum, hefur verið bundið í þrjú þykk bindi (34x21 cm), Suðuramt og Vesturamt hvort í sínu bindi, en Norður- og Austuramt í hinu þriðja.

Þegar ákveðin var prentuð útgáfa á manntalinu 1801, var nokkur vandi á höndum, hvernig haga skyldi frágangi þess. Olli þar mestu, að texti manntalsins er á dönsku (manna- og bæjanöfn þó oftast rituð sem íslenska), og ærið oft örðugleikar á að þýða nákvæmlega á íslensku, einkum það, sem segir um atvinnu manna, enda ekki alltaf fyllilega ljóst, hvaða merkingu skrásetjari leggur í orðin. Það varð því að ráði að prenta manntalið orðrétt og stafrétt eftir frumtextanum, þó með ýmsum frávikum, sem nú skal gerð grein fyrir.

1. Í frumritinu eru fjölskyldur innan hvernar sóknar tölusettar frá 1 og áfram. Hér er þessari tölusetningu sleppt, nema þegar svo stendur á, að fleiri en ein fjölskylda er á sama bæ.
2. Í frumritinu er tala fólks í hverri fjölskyldu færð í sérstakan dálk, samtalan færð yfir á næstu blaðsíðu og þannig koll af kolli, uns heildartala fólks í sókninni er fengin. Hér er þessum tölum sleppt að öðru leyti en því, að heildartala sóknarmanna er tilgreind.
3. Dálkurinn með hjúskaparstétt fólks hefur verið samræmdur að mestu, – þurfti þess með, svo að unnt væri að koma upplýsingum um hvern og einn í eina prentaða línu. Í þessum dálki er nú aðeins notað: *I. ægt.* (í fyrsta hjúskap o. s. frv.), *ugivt* (ókvæntur, ógift), *enke*, *enkem.* *I.* (ekkjja, ekill í fyrsta sinn o. s. frv.). Í frumtexta er þetta orðað með ýmsum hætti,

en merkingin þó alltaf ótvíræð. Þá sjaldan fráskilið fólk kemur fyrir eða ýtarlegri upplýsingar eru veittar um hjúskaparmál fólks, er það tekið upp í hinn prentaða texta fullum fetum.

4. Notkun á stórum staf og litlum er samræmd og færð í nútímahorf, eins hvenær ritað er í einu orði eða fleiri.
5. Skammstafanir eru leystar upp í ( ). Hafi auðsjáanlega fallið úr stafir í frumtexta, er þeim bætt við innan < >. Verði texti ekki lesinn með vissu (máður, rífið upp í blað, bundinn inn í kjöl), er tilgátan sett í [ ]. / merkir framhald næstu línu fyrir ofan.

Einhverjum kann að finnast sumt annarlega stafsett í textanum. Vandræðalaust ætti þó að vera fyrir þá, sem stautfærir eru í dönsku, að átta sig á, hvað við er átt, enda koma sömu orðin margsinnis fyrir á hverri blaðsíðu. Til hagræðis hefur verið útbúið dálítið orðasafn, sem prentað er aftast í þessari bók, þar sem útskýrð eru á íslensku ýmis dönsk og latnesk orð, einkum þau, sem ef til vill finnast ekki í einföldustu orðabókum.

Reykjavík, 12. okt. 1978

JÚNÍUS KRISTINSSON

# SKJÖL UM MANNTALIÐ 1801

*Konungleg tilskipun um almennt manntal, dags. 12. nóv. 1800*

Vi ville allern., at en almindelig Folketælling i Vore Riger Danmark og Norge, samt Island og Færøerne, skal foretages paa den herudi foreslagne Maade, og at den skal tage sin Begyndelse overalt i Danmark og Norge næstkommende 1. Februarii, og i Island og Færøerne saasnart skee kan i næste Aar. Iøvrigt skal om denne Tælling gjennem Vort Danske Cancellie udfærdiges fornødne trykte Reskripter til alle Vedkommende, til hvilken Ende Vort Rentekammer tilstiller Cancelliet en Gjenpart af denne Forestilling, ligesom det og forsyner samme, saasnart mueligt, med de til Tællingen fornødne Materialier. Friderichsberg Slot den 12. Novembr. 1800.

(Lovsamling for Island VI, bls. 489)

*Konungsbréf um almennt manntal, dags. 28. nóv. 1800*

*Christian hinn sjöundi af guðs náð kóngur etc.*

Vor náð! Sannfærðir um þá nytsemi, er flýtur af nákvæmri þekkingu um tölu fólks í vorum ríkjum og löndum, um þess kyn, aldur og bjargræðisvegu, höfum vér allranáðugast ályktað, að því líkt manntal verði alstaðar tekið í stöðum og landsbyggðum í Danmörku, Norvegi, Íslandi og Færeyjum, hvar með byrja skal í Danmörku og Norvegi þann 1sta dag Februarii mánaðar næstkomandi, sem er sunnudagur, og að því, svo framarlega sem það ei á sama degi verður til lykta leitt, verði framhaldið á næstu sunnudögum (þar eftir), en á Íslandi og Færeyjum svo fljótt sem því verður við komið, eftir frekari ráðstöfun vors stiftamtmanns yfir Íslandi og landfógetans í Færeyjum, þó svo að manntalið álitist sem byrjað þann 1sta dag Februarii mánaðar.

Við þetta manntal athugist sú regla, að þau börn er fæðast að umliðnum 1sta degi í Februario, þó áður en manntalið fullent sé, álitist sem óborin og verði eigi meðtalin, hvar á móti þær persónur er deyja á því tímabili frá manntalsins byrjun til þess endalyktar, teljist með þeim lifendu, svo fólksfjöldans rétta ástand um þann tiltekna dag verði auðséð af manntalslistanum.

Í manntalinu innilykist einn og sérhver án manngreinarálits, innlendir og útlendir, er á þeim ákveðna degi eru hér í ríkjunum, sömuleiðis þeir innlendu, er að sönnu dvelja í ferðalagi erlendis, en hverjir þó vitanlega annaðhvort séu hér venjulega heimilisfastir í ríkjunum eður og hafa í áformi að flytja sig aftur hingað búferlum.

Eins og vér með sérlegri skipan höfum boðið öllum vorum stiftamtönnum og þeim vorum amtmönnum í Danmörku sem hafa fyrir kaupstöðum að sjá og vorum málmverks yfirforstjóra í Kónsbergi, að fólkstalið í stöðunum tekið sé að borgarráðsins tilsjón af róðumeisturunum, sömuleiðis viljum vér að manntalið á landsbyggðunum gjörist af sóknarprestunum með tilstyrk djáknans og skólahaldara í sérhverrar höfuðkirkju- og annexíu-söfnuðum.

Til erfiðisléttis þeim er manntalið taka, eftirlætst prestunum sérhverjum í sinni sókn af predikunarstólnum að stefna til sín, á þann dag, sem til manntalstekningar er ákvarðaður, öllum húsferðum frá svo mörgum býlum, bæjum eða húsum, hverra innbyggjendur prestarnir á einum degi ætla sér að geta talið, til að nafngreina þær persónur, sem hafa aðsetur í heimagarði bænda eður húsum þeirra, og um hverja sér í lagi að fráskýra þeim kringumstæðum, er síðar verður getið.

Eiga þannig prestarnir eftir undangenginni auglýsingu frá predikunarstólnum á hverjum eftirfylgjandi sunnudegi að framhalda manntalinu, þangað til allir sóknarinnar innbyggjendur eru taldir og listar yfir þá samanteknir.

Í þeim sóknum, innan hverra stórgarðar liggja, skulu þeirra eignarmenn, eður þeir sem koma fram af þeirra hálfu, vera skyldugir til að hafa með sér bréflega skýrslu um alla þá sem heimilisfastir eru á slíkum stórgörðum.

Í manntalinu álitist sérhver að eiga þar heima, hvar hann sefur um nætur. Sé ein persóna, sem venjulega sefur í vissu húsi, fráverandi, annaðhvort einungis í eyrindagjörðum utanlands eða innan, en hefur þó í áformi að koma aftur, t. d. í sjóferðum, reiknast hann til þess hóbýlis, frá hverju hann hefur burt farið og til hvers hann ætlaði sér aftur að koma.

Eins og manntalið yfir höfuð á að gjörast á hverjum bæ og í hverju húsi fyrir sig, þannig: að á hverjum bæ eða býli eiga að nafngreinast allir menn er þau byggja, svo á einnig í listunum hvers og eins fulla nafn og aldur að tilgreina. Í tilliti til nafnsins ber að gæta þess að þegar nöfn þau sem eigi eru algeng, kunna fyrir að koma, er orsaka kynnu einhverja kyn- eða mann-villu, á þess undir eins í listunum að geta, – og í tilliti til aldursins, að það yfirstandandi, en eigi umliðna aldursár að nefnist, t. d. nýfædd börn eiga að ritast árgömul, og sá sem er á 26ta aldursári, ritist sem sé hann 26 en eigi 25 ára gamall.

Um hvern mann á þess að geta, hvers ástands hann sé innan húss, svo sem: hvert hann sé hús-bóndi, egtakvinna, barn, skyldmenni, og þá hversu nákamið, vinnuhjú, einnig sveinar, drengir, húsleigufólk, einhleypir menn, skylduhýstir, menn konungs og s. fr.

Um hvern mann og kvinnu á að gjöra grein á hvert þau sé gift fyrsta, öðru eður 3ðja sinni eður oftast, hvert þau sé ógift eður egtamakalaus í fyrsta, öðru sinni eður oftast.

Á sama hátt skal einnig tilgreina sérhverrar manneskju nafnbót, embætti, sýslan, handverk og bjargræðisveg, eður hvað þær hafa sér til uppheldis, einnig hvert þær sé ómagar eður ölmusulimir; – einkum á þess að geta um húsmenn til sveita, hvert þeir hafi nokkra jarðyrkju eður annan bjargræðisveg.

Annars þegar fleiri en einn búa á sama bæ, eður í sama húsi, þá á sérhvers heimilisfólk að teljast út af fyrir sig.

Til þess að manntalslistarnir gætu gjörst svo skiljanlegir sem mögulegt er, hvar til sér í lagi útheimtist að þeir allir sem haganlegast verði á sama hátt og eftir sömu reglum lagaðir, mega

hlutaðeigendur fá meðfylgjandi prentuð forskriftabréf (schemata) er sýna hvernig og í hverja línu sérhver persóna sem talin er, og hennar tilgreinandi ástand, eiga í manntalslistann að innfærast. Eins mega hlutaðeigendum til ómaksléttis meðdeilast svo mörg pappírsörk, með tilheyrandi prentuðum titlum og rúmunum sem nægja til að gjöra þessháttar lista.

Þegar listarnir eftir því prentaða formi eru samanteknir og fullgjörðir af prestunum yfir fólks- tal í öllum þeirra sóknum, eiga þeir þá að senda próföstudum til nákvæmrar yfirskoðunar, til þess að sjá, hvert að um eina eður aðra persónu, hafi eigi gleymst að geta þeirrar skýrslu sem krafín er, og reynist svo, eiga prófastarnir að senda hlutaðeigandi presti listana aftur til endurbótar.

Þar eftir eiga listarnir af próföstudum að tilsendast hlutaðeigandi amtmönnum, innan þeirra embættis takmarka, sem einnig eiga að yfirskoða listana og eftir kringumstæðum ef þurfa þykir senda þá þeirra höfundum til lagfæringar, áður en þeir frá þeim sendast til stiftamtmanns og þín, er eigið að senda þá til vors rentukammers, ef ekkert verður að listunum fundið.

Annars eiga hlutaðeigendur að uppörvast til að samantaka þetta manntal með allri mögulegri kostgæfni, án sleitu og hleypidóma, sem og þar hjá áminnst um að bera umhyggju fyrir því, að þetta eyrindi framkvæmist sem nákvæmlegast verður, því séu listarnir öðruvísi gjörðir en hér er skipað, má búast við, að þeir verði frá rentukammerinu aftur sendir til leiðréttingar, og í þá að setja það er ávantar.

Eftir þessu áttu allraundirgefnað að breyta, samt gjöra nauðsynlega ráðstöfun, og samkvæma því sem hér er boðið.

Felandi þig guði á höndur! Skrifað í vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn þann 28da Novembris 1800.

Eftir konunglegrar hátignar allramildilegustu skipan.

Moltke

Colbjørnsen, Rejersen, Feddersen,  
Cold, Knudsen, P. J. Monrad

C. A. Falbe

Oversættelsens rigtighed attesteres af Geir Vidalin

Til  
biskupsins yfir Skálholtsstifti  
Geirs Jónssonar Vidalin

(Þjóðskjalasafn – Kirknasafn VIII, I, D. 2, bréf nr. 115)

*Bréf biskups til prófosta í Skálholtsstifti 31. okt. 1801*

Ásamt með þessu bréfi mínu tilsendist yðar velæruverðugheitum eitt konunglegt rescript daterað þann 28<sup>da</sup> Novembris 1800, útlagt á íslensku, áhrærandi það nýja fólksstal, sem konungleg há- tign allramildilegast hefur boðið að gjörast skyldi hér á landi eins og í báðum ríkjunum, – líka svo mikið af þeim prentuðu schemater, er ég ætla að þurfa muni til yðar prófastsdæmis, í hvör schemata fólksstalið á að innfærast á þann hátt og eftir þeim reglum, sem áminnst bréf fyrirsegir.

Manntalið á að byrja þann 13da næstkomandi Decembris, hvar því verður við komið, eftir þeirri ráðstöfun, sem herra stiftamtmani Stephensen hefur þóknast að gjöra í því efni.

Jafnvel þótt þær reglur, hvar eftir manntalið á að gjörast, séu í téðu kóngsbréfi skilmerkilega framsettar, áleit ég þó ekki ónauðsynlegt að gjöra þar við eftirfylgjandi fáar athugasemdir og það þar hjá er mín innileg ósk, að þetta verk verði af yðar velæru- og æruverðugheitum vandað sem best verður, svo enginn vor þurfi að bera kinnroða fyrir hirðuleysi eður fákænsku í þessu efni.

Bæja og manna nöfn skrifist öll á íslensku í nominativo, án þess að gefa þeim danskar endingar, en hitt allt á dönsku.

Í fyrstu rubriqven standi bæja nöfnin og familie talan, eins og það hér með fylgjandi (trykte udfylde) schema útvísar.

Til familien teljast þær persónur, sem á bænum voru þann 1sta Februarii 1801, þótt þær hafi unnið sjálfum sér, ef þær voru á húsbóndans fæði og í hans fyrirsvári.

Hjú sem eru í helminga- eður þriðjunga vistum, teljast þar sem þau voru í vist þann 1sta Februarii 1801; – eins húsgangsmenn sem ekkert aðsetur hafa, þar sem þeir voru staddir þann áminnsta dag; – sjómenn og haustmenn þar sem þeir voru í vist; – lausamenn, ef til eru, þar sem þeir höfðu aðsetur; – skólapiltar þar sem þeir áttu heima sumarið áður.

Summurnar af manntalinu á hverjum bæ, að hjáleigunum meðtöldum, færast út í rubriqven til hægri handar. Þessar summur leggjast síðan saman neðst á síðunni og transporterist yfir til næstu síðu uns manntalinu í hvörri sókn er lokið.

(Þjóðskjalasafn – Biskupsskjalasafn A, IV, 32, bls. 799–801)

TAFLA 1

Fólksfjöldi í Suðurlandi 1. febr. 1801, skipt eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt

	Karlar			Konur		
	giftir	ógiftir	ekklar	giftar	ógiftar	ekkjur
1—10 ára .....		2196			2325	
11—20 — .....	2	1074	1	5	1067	
21—30 — .....	320	875	5	457	1046	5
31—40 — .....	889	286	9	876	452	35
41—50 — .....	568	67	16	556	206	54
51—60 — .....	507	48	46	484	202	174
61—70 — .....	352	47	71	294	155	299
71—80 — .....	120	15	77	97	77	218
81—90 — .....	28	1	36	14	18	67
91—100 — .....	1		1	4	1	7
Samtals	2787	4609	262	2787	5549	859

Heimild: Statistisk Tabelværk, 6. hæfte, Khavn 1842, bls. 170–171

TAFLA 2

Fólksfjöldi í Reykjavíkurborg 1. febr. 1801, skipt eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt

	Karlar			Konur		
	giftir	ógiftir	ekklar	giftar	ógiftar	ekkjur
1—10 ára .....		30			38	
11—20 — .....		13		1	17	
21—30 — .....	8	17	1	19	16	
31—40 — .....	22	9		17	7	1
41—50 — .....	14	2		10	4	2
51—60 — .....	8	1	3	11	1	4
61—70 — .....	8			5	1	7
71—80 — .....	2			2	1	3
81—90 — .....	1					
91—100 — .....		1				
Samtals	63	73	4	65	85	17

Heimild: Statistisk Tabelværk, 6. hæfte, Khavn 1842, bls. 170–171

TAFLA 3

Fólksfjöldi í Suðurlandi og Reykjavíkurborg 1. febr. 1801, skipting eftir atvinnu

	Suðurland		Reykjavík	
	karlar	konur	karlar	konur
kirkebetiente <sup>1</sup> og lærerstanden .....	198	185	2	1
borgerlig embedsstand .....	97	111	5	3
godseiere, godsbestyrere og store avlsbrugere .....	21	22		
gaardmænd .....	4543	5037		
huusmænd med jord .....	377	391		
huusmænd uden jord .....	273	319		
inderster .....	11	18		
kiøbmænd med deres karle og drenge .....	5	2	30	19
kunstnere og haandværksmænd med deres svende og drenge .....	29	26	16	11
søfarende og fiskere .....	71	59	47	57
møllere, kromænd, landkræmmere og værtshuusholdere .....	29	26	8	12
tiestefolk .....	1553	2413	10	27
dagleiere .....	92	46	19	32
capitalister .....	13	12		
pensionister .....	7	29	2	3
almisselemmer .....	335	492	1	2
andre af ubestemte næringsveie .....	4	7		
summa	7658	9195	140	167

<sup>1</sup> Starfsheiti höfð á dönsku vegna erfiðleika á nákvæmri þýðingu  
Heimild: Statistisk Tabelværk, 6. hæfte, Khavn 1842, bls. 179

TAFLA 4

Fólksfjöldi í Suðurlandi 1703, 1769, 1785, 1801 og 1835

	1703 <sup>1</sup>	1769 <sup>2</sup>	1785 <sup>3</sup>	1801 <sup>4</sup>	1835 <sup>4</sup>
Sýslur .....					
Skaftafellssýslur .....	2947	2707	1898	2450	3433
Rangárvallasýsla .....	4256	4139	3715	4030	4609
Vestmannaeyjar .....	339	310	255	156 <sup>5</sup>	297
Árnessýsla .....	5179	4828	3929	4625	4944
Gullbr. og Kjósarsýsla .....	3928	3470	3767	3698	4323
Reykjavíkurborg .....				307	639
Borgarfjarðarsýsla .....	2079	1694	1499	1877	2047
Samtals í Suðurlandi	18728	17148	15063	17143	20292

<sup>1</sup> Skýrslur um landshagi á Íslandi II, Khöfn 1859, bls. 64<sup>2</sup> O. Olavius: Oekonomisk Reise gennem Island, Khöfn 1780, bls. 657<sup>3</sup> Hannes Finnsson: Mannfækkun af hallærum, Rvík 1970, bls. 140<sup>4</sup> Statistisk Tabelværk, 6. hæfte, Khöfn 1842, bls. 164–167<sup>5</sup> Í fyrri skýrslum eru Vestmannaeyingar oftaldir um 17 vegna tvítalningar

**Þ p t e g n e l s e**

þaa Folfetallet i Hoffellr - Sogn under Jrlánds Sönder Amt, saaledes som det befandtes at være den 1ste Febr. 1801, tilligemed Forklaring om enhver Person's Stand, Embede og Næringsvei, m. v.

Boernes og Stedernes Navne, samt Familienes Antal.	Personernes fulde Navne i enhver Familie.	Hvad enhver Person er i Familien.	Personernes Alder, det især bende Alders Beræregnet.	Ugift eller gift, og hvor ofte de have været i Ægte, eller Entehand.	Personernes Titel, Embede, Forretning, Saadant, Næringsvei, eller hvad de leve af.	Samme raa Følger: Her i hver Væ og Sogn m. v.
Hoffell Anne Kyrke Gaard	Jon Helgason	husbonde	78	Begge	Sjuffelmand Transport 160	
	Sigridur Magnúsdóttir	hans kone	65	1 <sup>te</sup> Ægte	hans kone	
	Ingeborg Jónsdóttir	deres datter	35	ugift	Ærenifte	
	Gudrun Jónsdóttir	datter	30	ugift	piger	
	Thorleifur Sigurðsson		22	ugift		
	Paul Stordarson	Ærenifte	23	ugift		
	Þorvaldur Jónsson	Sölvur	21	ugift		
	Gudni Þlarnadóttir		25	ugift		
	Kristín Ólafsdóttir		19	ugift		
	Þuridur Magnúsdóttir	Opfostring barn	2			10
Vignar fell Samme Kyrker deel	Indri Gudmundur Jónsson	husbonde	73	i 1 <sup>te</sup> Ægte	Bonde af Jordbrug	
	Halla Guðadóttir	hans kone	55	1 <sup>te</sup> Ægte	hans kone	
	Helga Indriadóttir	deres datter	19	ugift	Ærenifte pige	
	Ingeborg Gudmundsdóttir	husbondens datter	72	ugift	hendes almisse	
	Magnus Stadorson	husmand	38	Begge	Lever af Jordbrug	
Sæberg Samme Kyrke land deel	Kristín Jónsdóttir	hans kone	32	1 <sup>te</sup> Ægte	Lidit hof - biating	
	Óddni Magnúsdóttir	deres barn	1			7
Sæberg Samme Kyrke land deel	Eiríkur Jónsson	husbonde	81	2 <sup>de</sup> gang gift	Bonde af Jordbrug	
	Halla Jónsdóttir	hans kone	41	1 <sup>te</sup> Ægte	hans kone	
	Jon Jónsson	opfostring	16	ugift	Ærenifte barn	180

Sýnishorn úr frumriti manntalsins 1801. Upphaf Hoffellssóknar. Rithönd sr. Magnúsar Ólafssonar í Bjarnanesi. Smækkað.

## SKAFTAFELLSSÝSLA

### STAFAFELLSSÓKN

#### Hvalnæs, proprieergaard

1. Ofeigur Jonsen	husbonde	72	1. ægt.	nærer sig og sine af feedrivt
Steinun Jonsdatter	hans kone	48	—	/og liden söefangst
Gudrun Jonsdatter	konens söster	50	enke 2.	underholdes mesten deel af
Gisle Jonsen	tienistekarl	19	ugift	/huusbondens midler
Sigrider Gisledatter	tienistepige	23	—	
Sigrider Sivertsdatter	huusbondens fosterdatter	16	—	
2. Jon Rolandsen	husbonde	49	1. ægt.	lever af jordbrug faaravling
Gunnhylder Salomonsdatter	hans kone	30	—	/og liden fiskerie
Gudni Jonsdatter	hans datter	7		
Margret Jonsdatter	} deres börn	4		
Thordis Jonsdatter		1		

#### Vyk, kyrkegaard

1. Conrad Salomonsen	husbonde	32	1. ægt.	lever af feedrivt og liden
Sigrídur Einarsdatter	hans kone	31	—	/söefangst
Salomon Conradssen	} deres börn	5		
Einar Conradssen		4		
Paull Conradsen		3		
Gudrun Conradsdatter		1		
Gudrun Conradsdatter	mandens moder	66	enke 1.	underholdes af sin sön
Jon Einarsen	tienistekarl	20	ugift	
Sigrídur Salamonsd.	tienistepige	24	—	
Gudrun Ingemundardatter	pleiebarn	12	—	
2. Biarne Thorbiörnsen	husbonde	35	1. ægt.	bonde af jordbrug og faar-
Gudleif Jonsdatter	hans kone	38	—	/avling
Thorbiörn Biarnesen	deres barn	11		
Sigrider Biarnedatter	—	8		
Thurider Biarnedatter	—	5		
Erich Biarnesen	—	3		
Halla Biarnedatter	—	1		
Gudrun Erichsdatter	mandens moder	72	enke 1.	underholdes af sin sön
Ingeborg Arnedatter	tienistepige	28	ugift	

#### Svinhoolar, selveýergaard

1. Salomon Jonsen	husbonde	44	1. ægt.	lever af jordbrug og lidet
Thurider Paullsdatter	hans kone	51	—	/fiskerie undertiiden

Manntal 1801